



Ungmennafélagið Fjölnir

Fossaleyni 1
112 Reykjavík

Reykjavík, 19. Janúar 2018

„Ályktun aðalstjórnar Fjölnis – sent til ÍSÍ, UMFÍ og menntamálaráðherra.

Aðalstjórn Ungmennafélagsins Fjölnis ákvað á fundi sínum 18. janúar 2018 að lýsa yfir vilja félagsins sem stærsta íþrótt- og ungmennafélag landsins, til samstarfs við ÍSÍ, UMFÍ og ráðuneyti íþróttamála við að tryggja sem best ofbeldislausu íþróttaiðkun fyrir alla.

Aðalstjórnin fagnar þeirri umræðu og viðbrögðum sem **#MeToo** umræðan hefur leitt af sér og dáist af hugrekki þeirra einstaklinga sem stigið hafa fram fyrir skjöldu til að opinbera svo alvarleg vandamál. Að sama skapi vottar stjórnin öllum fórnarlömbum ofbeldis samúð sína.

Heilbrigð sál í hraustum líkama er leiðarljós Fjölnis í öllum verkum sínum.

Aðalstjórn Ungmennafélagsins Fjölnis“

Virðingarfyllt,

Guðmundur L Gunnarsson
Framkvæmdastjóri

Jón Karl Ólafsson
Formaður